

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 341/2023

2024/EES/48/44

frá 8. desember 2023

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2526 frá 23. september 2022 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/852 að því er varðar bráðabirgðageymslu kvikasilfursúrgangs í vökvaformi ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 22a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/852) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32022 R 2526:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2526 frá 23. september 2022 (Stjtið. ESB L 328, 22.12.2022, bls. 66).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2526, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. desember 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 328, 22.12.2022, bls. 66.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.